



Umboðsmaður barna
Hverfisgötu 4-6
101 Reykjavík

Dagsetning 30. september 2025
Málsnúmer HRN25080164

Svar við bréfi umboðsmanns barna um niðurstöður barnaþinga.

Ráðuneytið vísar til bréfs umboðsmanns barna, dags. 26. ágúst 2025, þar sem óskað er eftir upplýsingum um hvort og þá hvernig ráðuneytið hafi brugðist við niðurstöðum barnaþinga árin 2019, 2022 og 2023.

Meginniðurstöður þinganna um heilbrigðismál má draga saman í nokkra þætti:

- Að aðgengi barna að læknishjálpi sé gjaldfrjálst.
- Að sálfræðipjónusta til barna verði gjaldfrjálst.
- Að strangari reglur verði settar um sölu og markaðssetningu á nikótínvörum.
- Að börnum með lesblindu, ADHD og aðra sjúkdóma verði veitt aukin aðstoð.
- Sérstaklega verði gætt að geðheilbrigði barna.
- Að biðtími eftir greiningum verði stytur.

Undanfarin ár hafa ýmsar breytingar verið gerðar á heilbrigðisþjónustu til barna sem eru í takt við þær áherslur sem fram hafa komið á barnaþingum. Að því er gjalddöku varðar mæla lög um sjúkratryggingar fyrir að gjald fyrir börn skuli verða lægra en almennt gjald fyrir þjónustu, en börn hafa t.a.m. ekki greitt fyrir þjónustu heilsugæslunnar og sjúkrahúsa. Þann 1. júlí 2025 gerði heilbrigðisráðherra breytingar á greiðsluþátttöku barna vegna þjónustu sérgreinalækna, en fram að því höfðu börn sem höfðu ekki tilvísun frá heimilislækni greitt gjald fyrir þjónustuna. Eftir breytinguna er öll þjónusta sérgreinalækna við börn án endurgjalds, óháð því hvort barnið hefur tilvísun frá heimilislækni eða ekki. Breytingunni er m.a. ætla að tryggja rétt barna til aðgangs að læknishjálpi óháð efnahag. Þá er sálfræðipjónusta við börn gjaldfrjálst ef fyrir liggur tilvísun frá heilsugæslustöð eða þverfaglegu greiningarteymi.

Heilbrigðisráðherra hyggst leggja fram frumvarp á yfirstandandi löggjafarþingi um nikótín- og tóbaksvörur, en markmiðið með frumvarpinu er að draga úr notkun á þessum vörum, sérstaklega hjá börnum og ungmennum. Í frumvarpinu eru lagðar til takmarkanir á sölu nikótínvara sem innihalda bragðefni sem höfða til barna. Þá verði umbúðir nikótínvara einsleitar, líkt og umbúðir tóbaksvara. Söluaðilum verði einnig skylt að spyrja kaupendur um skilríki. Er í þessu sambandi sérstaklega vísað til hagsmuna barna af því að takmarkanir séu settar á sölu- og markaðssetningu nikótínvara.

Undanfarin ár hefur tilvísunum til Geðheilsumiðstöðvar barna fjölgað mikið. Þrátt fyrir fjölgun starfsfólks hefur bið eftir þjónustunni verið nokkur. Í febrúar á þessu ári ákvað heilbrigðisráðherra að veita miðstöðinni aukið fjármagn, sem gerir henni kleift að fjölga stöðugildum um tvö í því skyni að stytta bið barna eftir þjónustu. Ákvörðunin endurspeglar áherslu ríkisstjórnarinnar á að stytta bið barna eftir þjónustunni og að geðheilbrigðismál barna séu sett í forgang.

Ráðuneytið hefur einnig ákveðið að hefja samvinnu ráðuneyta og þjónustukerfa um skýrari þjónustufarveg fyrir málefni barna með ADHD. Einnig verður ráðist í það verkefni að skima eftir alvarleika hömlunar á biðtíma af Geðheilsumiðstöð barna þannig að alvarleg tilfelli njóti forgangs.

Skima þarf biðlista svo þar bíði ekki fólk til lengri tíma eftir úrlausn sem við nánari skoðun reynist ekki henta viðkomandi. Samhliða því þarf að skipuleggja úrræði á biðtíma, t.d. námskeið, sem stutt geta við þekkingu, færni og líðan skjólstæðinga.



Sigurður Kári Arnason

skrifstofustjóri

F.h. ráðherra



Pétur Örn Pálmarsson

lögfræðingur